MIÐBERG

# Sumarnámskeið Hellisins 2018

Félagsmiðstöðin Hellirinn býður upp á fjöldbreytt sumarnámskeið fyrir fötluð börn í 5.-10. Bekk. Í ár verða námskeið í 9 vikur og hefst sumarstarfið 11. júní n.k. Í sumar verða námskeiðin aldursskipt annars vegar fyrir 5.7. bekk og hins vegar fyrir 8.-10. bekk. (með fyrirvara um það að það sé lágmarks skráning í hvorum aldursflokki fyrir sig annars er eitt námskeið fyrir alla).
Sumarnámskeiðin standa yfir frá 9-16 en einnig er hægt að óska eftir viðbótartíma frá 8:00-09:00 og 16:00-17:00 sem greitt er aukalega fyrir

Í sumar er boðið upp á námskeið eftirfarandi vikur:

| Júní | Júlí | Ágúst |
|---|---|---|
| 11.-15. júní | 2.-6. júlí | 7.-10. ágúst |
| 18.-22. júní | 9.-13. júlí | 13.-17. ágúst |
| 25.-29. júní | 16.-20. júlí | 20.-21. ágúst |

**Lokað verður í Hellinum 23. júlí - 6 ágúst að báðum dögum meðtöldum**

## Skráning

Fer fram í gegnum http://www.sumar.fristund.is og er skráð fyrir vikudvöl í senn. Stil að skrá sig inn á síðuna þarf íslykil eða rafræn skilríki í farsíma.

Opnað verður fyrir skráningar þriðjudaginn 24. apríl n.k.

Í hverri viku eru 8 pláss í boði síðan verður boðið upp á að skrá sig á biðlista. Við gerum okkar besta til þess að taka á móti öllum sem skrá sig en því fyrr sem þið skráið ykkur – því öruggari eru þið um að komast inn.

Opið er fyrir skráningar á námskeið til 12:00 (hádegi) á föstudegi fyrir hvert námskeið. (t.d. opið er fyrir skráningu á námskeiðið 11-15 júní til föstudagsins 8. júní). Ef laust er á námskeið samþykkir forstöðumaður skráninguna.

## Dagskrá

Á sumarnámskeiðunum er mikil áhersla lögð á útivist og útiveru. Reynt er að hafa dagskránna sem fjölbreyttasta. Farið er í ferðir, bæði í nærumhverfinu og út fyrir höfuðborgarsvæðið.

MIÐBERG

## Vinnuskólinn

Sumarstarf hjá Vinnuskólanum er í boði fyrir unglinga i 8.-10. Bekk. Ef unglingur í Hellinum skráir sig í Vinnuskólann býðst honum að hafa starfsstöð í Hellinum. Vinnuskólahópur Hellisins er þannig skipulagður að hálfan daginn eru unnin fjölbreytt verkefni miðað við getu og áhugasvið unglingana auk þess sem unglingarnir fá hagnýtar fræðslur og hálfan daginn er skemmtileg dagskrá sem unglingarnir taka sjálfir þátt í að skipuleggja.

Ekki er nauðsynlegt að vikurnar sem unglingur vinnur séu samliggjandi en þeim þarf að ljúka á þeim vikum sem Hellirinn er opinn yfir sumartímann. Unglingar fá ekki greitt þá daga sem þeir eru veikir eða taka sér frí en mögulegt er fyrir þá að vinna það upp ef þeir eru skráðir á fleiri námskeið hjá Hellinum. Vinsamlegast athugið að dvalargjaldið er einungis fellt niður þá daga sem unglingurinn mætir s.s. ekki ef hann tekur sér frí.

Þær vikur sem unglingur er í sumarvinnu hjá Vinnuskólanum er ekki greitt dvalargjald í Hellinum. Greitt er fyrir viðbótarstundir ef unglingur er skráður í viðbótartíma 08:00-09:00 eða 16:00-17:00.

- 8. bekkur fær vinnu í 3 vikur hálfan daginn (3,5 klst á dag)
- 9. bekkur fær vinnu í 3 vikur allan daginn (7 klst á dag)
- 10. bekkur fær vinnu í 3 vikur allan daginn (7. klst á dag)

Upplýsingar um laun er hægt að finna á heimasíðu Vinnuskólans: http://vinnuskoli.is/starfidh/laun

## Gjaldskrá & afskráningar

Gjaldskrá 2018 fyrir sumarstarf frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva

| **Þjónusta** | **Vikuverð** | **Viðbótarstund (08:00-09:00 / 16:00-17:00** |
|---|---|---|
| 5 dagar | 8.910,- | 2.600,- |
| 4 dagar | 7.130,- | 2.080,- |
| 2 dagar | 3.570,- | 1.040,- |

Sendur er einn greiðsluseðill fyrir hvern mánuð í sumarfrístund. Veittur er 20% systkinaafsláttur af dvalargjaldi annars barnsins skráðu á sama lögheimili/fjölskyldunúmer. Ekki er veittur systkinaafsláttur af gjaldi vegna viðbótarstundar.

Vinsamlega athugið að ef hætta á við þátttöku í námskeiði þarf að tilkynna það skriflega til forstöðumanna að minnsta kosti viku áður en námskeið hefst (t.d. fyrir miðnætti á sunnudegi þegar námskeið/smiðja hefst á mánudegi viku seinna). Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Gjald fyrir sumarfrístund er innheimt eftir á. Gjalddagi er fyrsti dagur næsta mánaðar. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Hafi gjaldið ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir og vanskilakostnaður. Hafi ekki verið greitt innan 50 daga frá gjalddaga er krafan send í milliinnheimtu hjá Momentum. Ekki er hægt að nota frístundakort til að niðurgreiða sumarstarf.

MIÐBERG

## Starfsfólk

Hér má sjá starfsmenn Hellisins í sumar:

| | | | |
|---|---|---|---|
|  | **Eva**<br>Forstöðumaður<br>664-7684<br>eva.helgadottr@reykjavik.is |  | **Þuríður Marín**<br>Aðstoðarforstöðumaður<br>695-5135<br>thuridu.marin.jonsdottir@reykjavik.is |
|  | **Helga Björk**<br>frístundaleiðbeinandi m/umsjón |  | **Steinunn Birna**<br>frístundaleiðbeinandi m/ umsjón |
|  | **Katrín Íris**<br>frístundaleiðbeinandi m/umsjón |  | **Birkir**<br>frístundaleiðbeinandi m/umsjón |
|  | **Kristján Ingi**<br>frístundaleiðbeinandi m/umsjón |  | **Guðný Eik**<br>frístundaleiðbeinandi m/umsjón |

## Praktískar upplýsingar

- Þátttakendur þurfa að koma með ÞRJÚ NESTI: morgunhressing, hádegismatur og síðdegishressing. Nauðsynlegt er að hafa hollt og gott nesti: Helst engin sætindi s.s. súkkulaðikex, snakk o.þ.h.



Hellirinn er hnetulaus félagsmiðstöð vegna bráðaofnæmis. Vinsamlegast ekki senda krakkana með neitt sem inniheldur hnetur s.s orkustykki(nánast allar innihalda hnetur), kex sem inniheldur hnetur, kornstangir s.s. Corny eða Kelloggs, súkkulaðismjör s.s Nutella, Hunangs Cheerios eða hnetusmjör.

- Vinsamlegast athugið að EKKI er hægt að ganga út frá því að hægt sé að HITA mat þar sem oft er hópurinn úti í nestistímum/hádegismat.
- Þátttakendur þurfa að vera KLÆDDIR EFTIR VEÐRI því við erum mikið úti. Allt í góðu að geyma útiföt í Hellinum á milli daga.
- Góður bakpoki (fyrir nesti og smotterí) til að hafa með í ferðir og góðir skór til að ganga í – STRIGASKÓR – því það er oft erfitt fyrir börnin að ganga langt í stígvélum.
- Nauðsynlegt er að fylgjast vel með dagskrá og senda börnin með SUNDFÖT þegar við á.
- Yfirleitt er farið af stað í ferðir kl: 10:00 NEMA annað sé tekið fram í dagskrá hverrar viku.

**Muna tilkynna veikindi tímanlega og einnig láta vita ef börnin koma seinna eða verða sótt fyrr einhvern daginn.**

## Verum í bandi...

| Símanúmer | Samfélagsmiðlar |
|---|---|
| Eva forstöðumaður: 664-7684<br>Þuríður Marín aðstoðarforstöðumaður: 695-5135<br>Starfsmenn í Hellinum: 664-7687<br>Hellirinn: 411-5790 | *Heimasíða Hellisins: http://midberg.is/hellirinn*<br>*Facebook: http://facebook.com/helllirinn (líka hægt að senda okkur skilaboð þar)*<br>*Instagram: http://instagram.com/Hellirinn*<br>*Snapchat: Hellirinn* |